

Reglugjörð

12
9. apr.

um viðauka við fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1. maí 1918.

Aftan við 5. gr. bætist:

Telji hreppsnefnd afrjett ofsetinn, er hlutaðeigandi hreppur á upprekstrarrjett í, þá getur hún borið það upp á almennum fundi í upprekstrarfjelagi þess afrjettar að takmarka notkun afrjettarins þannig, að hver jörð, sem þar á upprekstur, megi aðeins reka þangað tiltekna tölu hrossa og sauðfjár.

Fái tillaga um þetta fylgi $\frac{2}{3}$ fjelagsmanna, þeirra er jarðarumráð hafa og fund sækja, skal hún vera bindandi fyrir upprekstrarfjelagið í heild sinni.

Til þessa fundar skal hreppsnefndin boða alla hlutaðeigendur með minst eins mánaðar fyrirvara. Mæti þá ekki $\frac{2}{3}$ fjelagsmanna þeirra, er atkvæðisrjett eiga, skal boða til nýs fundar með minst hálfs mánaðar fyrirvara, og getur hann tekið gilda ákvörðun, ef helmingur atkvæðisbærra manna sækir fundinn.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. maí 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. apríl 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.